

Spítalinn okkar – landsamtök um uppbyggingu nýs húsnæðis Landspítala

Skýrsla stjórnar starfsárið 2014

Stofnfundur

Landsamtökin Spítalinn okkar voru stofnuð 9. apríl 2014 að Engjateigi 7 í Reykjavík. Að stofnun samtakanna stóðu um það bil 20 manns, einstaklingar víðs vegar að úr samfélaginu. Á stofnfundinum var samtökunum sett stofnskrá og tilgangur og markmið samtakanna tilgreind.

Tilgangur félagsins er að vinna að nýbyggingu og endurnýjun Landspítala þannig að húsakostur, tæknibúnaður og aðstaða sjúklinga og starfsfólks spítalans þjóni nútíma þörfum.

Markmið félagsins er að afla stuðnings meðal almennings og stjórnvalda við nauðsynlegar úrbætur á húsakosti spítalans, að kynna fyrirbyggjandi áætlanir um endurnýjun og viðbætur við húsnæði spítalans og að draga fram valkosti í fjármögnun og framkvæmd verkefnisins.

Á stofnfundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur, formaður, Anna Elísabet Ólafsdóttir, aðstoðarrektror Háskólans á Bifröst, Bjarney Harðardóttir, rekstrarhagfræðingur og framkvæmdastjóri markaðsmála og viðskiptaþróunar hjá Sjóklæðagerðinni 66°Norður, Garðar Garðarsson hæstaréttarlögmaður, Gunnlaug Ottesen, stærðfræðingur og verkefnastjóri á upplýsingatæknisviði Marel, Jón Ólafur Ólafsson, arkitekt, Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri fjármála og fasteignareksturs í Háskólanum í Reykjavík.

A fundinum gerði Anna Stefánsdóttir grein fyrir aðdraganda að stofnun landsamtakanna og Jóhannes M. Gunnarsson lýsti stöðu undirbúnings framkvæmda við endurnýjun húsnæðis Landspítala og brýnni þörf á að byggingaframkvæmdir hefðust hið fyrsta. Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, flutti ávarp.

Þrjú hundruð manns höfðu gerst stofnfélagar í Spítalanum okkar við lok stofnfundarins.

Stjórnarstarfið

Stjórnin hélt 21 fund á starfsárinu. Á fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum, Garðar Garðarsson var kjörinn varaformaður, Bjarney Harðardóttir ritari og Jón Ólafur Ólafsson gjaldkeri.

Megin áherslur stjórnar voru öflugt kynningarstarf, að vinna tillögu að mögulegri fjármögnunarleið fyrir byggingaframkvæmdirnar, að afla samtökunum stofnfélaga og halda úti vefmiðlum. Stofnaðir voru fjórir verkefnahópar til að vinna að þessum verkefnum með stjórn.

Verkefnahópur um fjármögnun, hann skipa Garðar Garðarsson, Jón Ólafur Ólafsson, Þorkell Sigurlaugsson, Elín Jónsdóttir, Jón Finnbogason, Viðar Viðarsson, Kristín Halldórsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir og Sigurður Þórðarson.

Verkefnahópur um kynningarmál, hann skipa Bjarney Harðardóttir, Kári Jónasson, Magnús Heimisson, Inga Þórsdóttir, María Heimisdóttir og Jóhannes M. Gunnarsson.

Verkefnahópur um öflun stofnfélaga, hann skipa Gunnlaug Ottesen, Guðmundur Bjarnason, Tryggvi Gíslason, Bjarneiður Guðmundsdóttir og Guðný Friðriksdóttir.

Verkefnahópur um vefmiðlun, hann skipa Anna Elísabet Ólafsdóttir, Vigdís Stefánsdóttir og Anna Stefánsdóttir.

Stjórnin tók sér góðan tíma til að kynna sér stöðuna á byggingaverkefninu og fundaði með fulltrúa SPITAL hópsins, formanni og framkvæmdastjóra bygginganefndar NLSH og fulltrúum Landspítala. Ásamt því að kynna sér kostnaðaráætlanir vegna byggingaframkvæmda.

Talsverð umræða var í stjórn um mögulegar leiðir til að fjármagna byggingaframkvæmdirnar. Stjórnin fundaði m.a. með þingmönnum um hugmyndir flutningsmanna tillögu til þingsályktunar til ríkisstjórnarinnar um byggingu nýs Landspítala, en tillagan var samþykkt samhljóða á Alþingi 15. maí í fyrra. Samþykktin er svohljóðandi, „*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ljúka eins fljótt og verða má undirbúningi á endurnýjun og uppbyggingu Landspítala við Hringbraut í Reykjavík og hefja framkvæmdir þegar fjármögnun hefur verið tryggð*“. Þingmenn kynntu stjórn greinargerðina með tillögunni, þar er fjallað um mögulegar fjármögnunarleiðir.

Stjórnin ræddi þær hömlur sem breytt lög um nýjan Landspítala setja um fjármögnunarleiðir, en þar er skýrt kveðið á um að byggingaframkvæmdin skuli verða hefðbundin ríkisframkvæmd.

Þrátt fyrir það ákvað stjórnin að fela verkefnahóp um fjármögnun að setja saman tillögu að mögulegri fjármögnunarleið sem stjórnin tók síðan til umfjöllunar. Tillagan er í stórum dráttum á þá leið að öflugur hópur fjárfesta og fjármögnunaraðila taki sig saman um að stofna sérstakt félag um verkefnið sem væri í eigu ríkis og samstarfsaðila. Þetta félag mundi hrinda verkefninu í framkvæmd og að ríkið skuldbindi sig til að (1) leysa eignina til sín á fyrirfram ákveðnu verði eftir nokkur ár og/eða (2) semji við félagið um að það eigi eignina áfram og viðhaldi henni þannig að hún á hverjum tíma nýtist Landspítala sem best, en að ríkið borgi eðlilegt afgjald fyrir. Stjórnin kynnti tillöguna fyrir heilbrigðisráðherra í desember.

Verkefnahópur um kynningarmál setti fram tillögu á haustmisseri um hvernig standa ætti að þeim málaflokki og í kjölfarið var ákveðið að leita styrkja til að kosta kynningarstarfið. Eftir fundi með framkvæmdastjóra markaðsmála Landsbankans ákvað bankinn að styrkja kynningarstarfið myndarlega. Þá ákvað stjórnin að ráða Magnús Heimisson almannatengil til að skipulegga starfið og sjá um samskipti við fjölmiðla. Óhætt er að segja að kynningarstarfið hafi verið frjótt og skemmtilegt á haustmisserinu. Það skilaði samtökunum fjölda fylgismanna og vakti umtalsverða athygli, sem án efa skilar sér í auknum skilningi á því mikilvæga málefni sem Spítalinn okkar stendur fyrir.

Kynningarstarfið hófst með opnun heimasíðu <http://www.spitalinnokkar.is/> þann 6. maí. Stefna hugbúnaðarhús bauð Spítalanum okkar samning um gerð vefsíðu og hýsingu hennar samtökunum að kostnaðarlausu til tveggja ára.

Alls hafa verið haldnir 28 kynningarfundir á starfsárinu með félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum.

Kynning var með þingflokkum stjórnarflokkanna, þingflokki Samfylkingarinnar og þingflokki Vinstri grænna. Spítalinn okkar var með kynningarbás á fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem skilaði umtalsverðum árangri og sneri nokkrum sveitarstjórnarmönnum til fylgis við samtökin. Einnig hafa verið haldnir kynningafundir hjá Oddfellowreglunni á Íslandi og Rótarýklúbbum á Suðvesturlandi.

Að auki flutti formaður erindi á ársfundi Landspítala, á samráðsþingi bygginganefndar NLSH og á formannaráðsfundi Kvenfélagasambands Íslands.

Haldin voru tvö málþing annað í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri og hitt í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Málþingið á Akureyri var haldið í samvinnu við forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri. Tilgangur þess var að kynna nýbyggingar Landspítala og ræða mikilvægi þeirra fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu. Rökin fyrir því hvers vegna nauðsynlegt er að hefja byggingaframkvæmdir sem fyrst voru kynnt og mögulegar leiðir til fjármögnunar ræddar.

Björn Eiríkur Björgvinsson, bæjarstjóri opnaði málþingið. Erindi fluttu þrír starfsmenn Sjúkrahússins þau Gróa B. Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri, Stefán Steinsson, forstöðulæknir og Inga Margrét Skúladóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur og tveir starfsmenn Háskólans á Akureyri, þau Árún K. Sigurðardóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs og Stefán B. Sigurðsson, prófessor.

Einnig flutti Jónas Helgason menntaskólakennari erindi, en hann hefur notið þjónustu Landspítala. Málþingið tókst vel og Spítalinn okkar fékk góðar viðtökur hjá heimamönnum. Formaður og forstjóri Sjúkrahússins voru í viðtalsþætti á N4, en stöðin hefur mikið áhorf á Norðurlandi og víðar. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra var gestur málþingsins og tók til máls. Hann þakkaði samtökunum fyrir frumkvæðið og hvatti þau til góðra verka.

Í lok málþingsins kynnti Helgi Már Halldórsson, arkitekt og fulltrúi SPITAL hópsins forhönnun nýbygginga Landspítala.

Málþingið í Ráðhúsi Reykjavíkur hafði yfirskriftina **Spítalinn okkar – allra hagur**. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri flutti ávarp og setti málþingið. Hann ræddi m.a. baráttu kvenna í sjúkrahúsuppbyggingum í Reykjavík s.l. 100 ár. Hann ræddi einnig um mikilvægi þess að niðurstaða hefði fengist um staðsetningu nýbygginga Landspítala við Hringbraut. Hann sagði: „*Staðsetningin við Hringbraut er hagkvæmust, hún er skynsamlegust og hún er líka til marks um ákveðna höfsemd sem var umbreyting sem verkefnið tók til að nýta sem best þær byggingar sem eru fyrir*“.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra flutti lokaorð. Hann þakkaði samtökunum fyrir framtakið og sagði m.a. „*Það er öllum ljóst að Landspítalinn getur ekki búið mikið lengur við*

núverandi aðstæður, hvorki sjúklinganna né starfsfólksins vegna. Lélegur húsakostur er farinn að standa starfseminni fyrir þrifum, meðal annars vegna þess að nútíma heilbrigðisþjónusta á sérhæfðum sjúkrahúsum gerir allt aðrar kröfur til umhverfis og aðstæðna en áður. Eins verðum við að horfast í augu við áhrif þeirra breytinga sem eru að verða á aldurssamsetningu þjóðarinnar en sú þróun er býsna hröð og verður það á komandi árum“.

Aðrir sem fluttu erindi voru Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs HÍ, Gísli Georgsson, verkfræðingur, Anna Stefánsdóttir, formaður Spítalans okkar, Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarmaður Spítalans okkar, Jóhannes M. Gunnarsson, læknir, Jónas Helgason, menntaskólakennari á Akureyri og Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri FKA.

Í lok málfingsins kynnti Helgi Már Halldórsson, arkitekt og fulltrúi SPITAL hópsins forhönnun nýbygginga Landspítala.

Fjöldi manns sótti málfingið, góður rómur var gerður að efni þess og mikill áhugi á byggingaverkefningu. Kynning á verkefningu stóð í tvo daga eftir málfingið.

Anna Stefánsdóttir formaður og Jóhannes M. Gunnarsson læknir hafa borið hitann og þungann af kynningarstarfinu. Stjórnin þakkar Jóhannesi sérstaklega fyrir hans mikilvæga þátt í að kynna byggingaverkefnið og rökin fyrir hvers vegna ekki má bíða með að byggja. Hann hefur með sannfærandi hætti rætt nauðsyn þess að hefjast sem fyrst handa við nýbyggingar og þannig fengið fjölda manna til liðs við Spítalann okkar. Hans mikla þekkingu á verkefningu og undibúningi þess hefur skilað sér til almennings í landinu og þar með aukið þekkingu á mikilvægi nýbygginga Landspítala.

Öflun stofnfélaga hefur borið góðan árangur, en þeir telja nú tæplega 1000. Það er mikilvægt að fjölga ennþá í samtökunum og hefur stjórnin lagt áherslu á það í störfum sínum að kynningarstarfið og öflun stofnfélaga sé samofið.

Lokaorð

Spítalinn okkar hefur notið stuðnings víðs vegar úr samfélaginu á fyrsta starfsárinu, Landsbankinn styrkti kynningarstarfið með myndarlegum hætti, Reykjavíkurborg styrkti málfingið í Ráðhúsinu, Landspítali styrkti stofnfund samtakanna með meiru, Þekking hf. setti upp tölvupóst og hýsir hann samtökunum að kostnaðarlausu. Stefna hugbúnaðarhús setti upp og hýsir heimasíðu samtakanna þeim að kostnaðarlausu fyrstu tvo árin, Efla hf. styrkti kynningarstarfið umtalsvert. Þá hefur NLSH lánað formanni húsnæði til afnota. Öllum þessum fyrirtækjum eru færðar góðar þakkir fyrir þeirra mikilsverða framlag og stuðning við samtökin.

Það er deginum ljósara að starf Spítalans okkar hefur borið árangur. Umfjöllun um byggingar Landspítala er miklu meiri en fyrir rúmu ári síðan sérstaklega ef litið er til ársins 2013 þegar margir héldu að verkefnið væri fallið í gleymsku. Samþykkt Alþingis 15. maí á síðasta ári á þingsályktunartillögunni sem fyrr er getið var mjög mikilvægt skref.

Ekki var síður mikilvæg tillaga fjármálaráðherra um breytingar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 við aðra umræðu um að leggja stórukið fjármagn til hönnunar meðferðarkjarna Landspítala, eða 875 milljónir króna og samþykki Alþingis þar að lútandi. Alls eru þá fjárveitingar til verkefnisins rúmlega 1 milljarður á fjárlögum þessa árs.

Þessi fjárhæð er í samræmi við áætlanir bygginganefndar Nýs Landspítala fyrir árið 2015. Meðferðarkjarninn er stærsta byggingin af nýbyggingum Landspítala og áætlanir gera ráð fyrir að hönnun hans taki að minnsta kosti tvö ár. Með þessu framlagi til hönnunar meðferðarkjarnans verður áframhald á vinnu við hönnun nýbygginga Landspítala sem er sannarlega mikið gleðiefni fyrir landsmenn alla og nauðsynlegt fyrir uppbyggingu traustar heilbrigðisþjónustu til framtíðar. Í framhaldi af ákvörðun Alþingis hefur velferðarráðuneytið falið bygginganefnd Nýs Landspítala að bjóða út fullnaðarhönnun meðferðarkjarnans, að ljúka fullnaðarhönnun sjúkrahótels og að bjóða út verkframkvæmdir við gatna- og lóðagerð sjúkrahótelsins ásamt byggingu þess.

Við getum samt ekki látið deigan síga því enn er eftir að taka ákvörðum um fjármögnum næsta áfanga og Spítalinn okkar mun halda áfram kynningarstarfinu með einum eða öðrum hætti á næsta starfsári. Ennfremur munu samtökin fylgjast með framvindu fjármögnunar byggingaverkefnisins.

Stjórn Spítalans okkar þakkar öllum þeim sem hafa lagt samtökunum lið frá stofnun þeirra, sérstaklega þökkum við þátttakendum í verkefnahópum fyrir þeirra framlag. Án ykkar værum við ekki þar sem við erum í dag.